

Sveitarstjórn Dalabyggðar  
Miðbraut 11

Reykjavík 5. Nóvember 2021

Efni: Umsókn um vegastyrk fyrir viðhaldi á vegi að Skoravíkurá frá Þjóðvegi 590

Vegurinn sem um ræðir var tekinn af vegnúmeri fyrir allmörgum árum eftir að Skoravík fór í eyði 1980. Vegurinn liggur frá Þjóðvegi 590 í gegnum land Skóga og Hellna að Skoravíkurá. Vegurinn hefur ekki fengið mikið viðhald en reynt var að setja ofaniburð í veginn eftir mikla vatnavexti sem urðu í Hellu læknum í september 2019 sem reyndist engan veginn nóg.

Eins og sjá má af myndum í greinargerð hefur svo til allt efni sem var í slóðanum áður en komið er að Hellu læknum skolast til og eftir stendur tvö moldarbörð með óökufærum slóða.

Ræsi sem sett hafa verið í veginn á öðrum stöðum eins og kemur fram í greinargerð eru ónýtt og sigdældir hafa myndast með vatnssöfnunum sem gera veginn illfæran í vætutíð.

Áður en skemmdir verða meiri á á veginum og börðunum sem liggja að veginum óskum við eftir því að Sveitarfélagið falist eftir vegstyrk til að laga veginn.

Við viljum benda á að vegurinn er notaður af mismunandi aðilum, vegurinn liggur að lögbýlinu Skoravík, sumarbústaðarlandinu Skoravíkurlandi og eyðijörðinni Köldukinn, Vegagerðin hefur notað veginn til aðkomu að Hellulæknum fyrir tankbíla. Smölun fer fram í gegnum þessa leið að Skoravík, umferð hestafólks hefur aukist, auk þess sem talsverð aukning hefur orðið á skipulögðum ferðum ferðamanna að Skoravíkuránni til að skoða fossinn Skugga auk annarra náttúruundra við ána. Á síðaðstliðnum 10 árum hefur komið upp í tvígang þörf á sjúkraflutningum og aðkomu slökkviliðs að Skoravíkuránni og Skoravík en með ástandi núverandi vegar er sú aðkoma ekki lengur tryggð.

Lauslegt mat gerir ráð fyrir að það þyrfti liðlega 1,4 milljón til að vinna bætur á þeim hlutum sem verst eru farnir.

Við teljum brýnt að fara í þessar endurbætur strax vorið/sumarið 2022.

Með von um góðar móttökur.

Jón Auðunn Oddsson  
Skógræktin

Elvar Hjartarson  
Hellu

Árni Alvar Arason  
Skoravík